

aður við breytinguna, getur stjórn rafveitunnar skyldað húseiganda til að taka þátt í kostnaði á breytingu stofntaugarinnar. 135

2. okt.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda, en gera skal honum þá aðvart um það fyrir fram.

### III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun, 50 krónur.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur geitt 50 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 266 30. desember 1960.

*Atvinnumálaráðuneytið, 2. október 1961.*

F. h. r.

**Gunnlaugur E. Briem.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

um veiting lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

136

3. okt.

### I. Lækningaleyfi.

#### 1. gr.

Til þess að kandídat í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast ótakmarkað lækningaleyfi, skal hann að prófi loknu hafa lokið því framhaldsnámi, er hér greinir:

1. Verið námskandídat eða unnið samsvarandi kandídatsstörf á viðurkenndu, almennu sjúkrahúsi í 11 mánuði, 6 mánuði á lyflæknisdeild og 5 mánuði á handlæknisdeild, eða 11 mánuði á óskiptu sjúkrahúsi, sem hefur á að skipa sérfræðingi í lyflækningum og handlækningum. Kandídatar, sem ljúka almennu framhaldsnámi í Reykjavík, skulu þó vinna tveggja mánaða kandídatsvinnu á Slysavárstöfu Reykjavíkur, og styttist þá sjúkrahúsjónustan samsvarandi, að jöfnu á lyflæknis- og handlæknisdeild, þegar um slíka deildarskiptingu er að ræða.

2. Unnið kandídatsstörf í tvo mánuði á viðurkenndri fæðingarstofnun.

- 136** 3. Um skyldupjónustu læknakandidata í læknishéraði, áður en þeir geta hlotið  
3. okt. almennt lækningaleyfi, fer eftir lögum nr. 51/1942, sbr. auglýsingu nr. 155/1942.

## II. Sérfræðileyfi.

### 2. gr.

Til þess að læknir geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi, skal hann hafa hlotið ótakmarkað lækningaleyfi hér á landi, sbr. 1. gr. og lagt stund á sérgrein sína á þann hátt og eigi skemur en segir í 4. gr., sbr. 3. gr. Enn fremur skal hann hafa samið ritgerð um efni sérgreinar sinnar, er að verulegu leyti sé byggð á eigin athugun og rannsókn, og fengið hana birta í viðurkenndu sérfræðiriti tilheyrandi sérgreinar. Slíkrar ritgerðar er ekki krafizt af umsækjanda, sem lokið hefur doktorsprófi. Enginn getur öðlast sérfræðiviðurkenningu fyrr en 7 ár eru liðin frá kandidateitsprófi.

### 3. gr.

Þess er krafizt, að sjúkrahús þau og aðrar stofnanir, þar sem sérnám er stundað, séu viðurkenndar til slíks sérnáms í heimalandi sínu. Þess er og krafizt, að læknar þeir, sem sérnám stunda, séu að fullu starfandi aðstoðarlæknar á þeim sjúkrahúsum (stofnunum), þar sem þeir nema sjálfa sérgrein sína, og að fullu starfandi læknar, þar sem þeir nema undirbúnings- eða stuðningsgreinar sérgreinarinnar. Frá þessu ákvæði má þó veita undanþágu, ef sérstakar ástæður þykja til þess að mati læknadeildar. Áheyrnarvist telst ekki fullnægjandi. Nám á sérfræðinámskeiði má þó viðurkenna í stað takmarkaðs hluta tilskilins starfstíma á sjúkrahúsi eða öðrum stofnunum.

### 4. gr.

Sérfræðileyfi má veita í eftirtöldum greinum læknisfræði, að loknu því sérnámi, er greinir undir hverjum lið, sbr. 3. gr.

#### 1. Lyflækningar:

|   |                |     |
|---|----------------|-----|
| a. Á lyflæknisdeild .....                   | 3              | ár  |
| b. - lungnasjúkdómadeild .....              | $\frac{1}{4}$  | árs |
| c. - barnadeild .....                       | $\frac{1}{4}$  | —   |
| d. - almennri lækningarannsóknardeild ..... | $\frac{1}{4}$  | —   |
| e. - farsóttadeild .....                    | $\frac{1}{6}$  | —   |
| f. - húðsjúkdómadeild .....                 | $\frac{1}{12}$ | —   |

---

Samtals 4 ár

#### 2. Handlækningar:

|                              |                |    |
|------------------------------|----------------|----|
| a. Á handlæknisdeild .....   | $3\frac{1}{2}$ | ár |
| b. - meinafræðistofnun ..... | $\frac{1}{2}$  | —  |

---

Samtals 4 ár

#### 3. Geðlækningar:

|                               |                |    |
|-------------------------------|----------------|----|
| a. Á lyflæknisdeild .....     | 1              | ár |
| b. - geðsjúkdómadeild .....   | $2\frac{1}{2}$ | —  |
| c. - taugasjúkdómadeild ..... | $\frac{1}{2}$  | —  |

---

Samtals 4 ár

## 4. Kvensjúkdómar og fæðingarlækningar:

|   |       |    |
|---|-------|----|
| a. Á handlæknisdeild .....                | 1½    | ár |
| b. - kvensjúkdóma- og fæðingardeild ..... | 2     | —  |
| c. - meinafræðistofnun .....              | ½     | —  |
|   | <hr/> |    |
| Samtals                                   | 4     | ár |

136

3. okt.

## 5. Berklalækningar:

|                                  |       |     |
|----------------------------------|-------|-----|
| a. Á lyflæknisdeild .....        | 2     | ár  |
| b. - berklahæli .....            | 1¼    | árs |
| c. - berklavarnarstöð .....      | ½     | ár  |
| d. - lungnahandlæknisdeild ..... | ¼     | árs |
|                                  | <hr/> |     |
| Samtals                          | 4     | ár  |

## 6. Barnalækningar:

|                                  |       |     |
|----------------------------------|-------|-----|
| a. Á lyflæknisdeild .....        | ¾     | árs |
| b. - farsóttadeild .....         | ¼     | —   |
| c. - barnasjúkdómadeild .....    | 2¾    | —   |
| d. - ungbarnaeftirlitsstöð ..... | ¼     | —   |
|                                  | <hr/> |     |
| Samtals                          | 4     | ár  |

## 7. Taugalækningar:

|                                 |       |    |
|---------------------------------|-------|----|
| a. Á lyflæknisdeild .....       | 1     | ár |
| b. - taugasjúkdómadeild .....   | 2     | —  |
| c. - geðsjúkdómadeild .....     | ½     | —  |
| d. - taugahandlæknisdeild ..... | ½     | —  |
|                                 | <hr/> |    |
| Samtals                         | 4     | ár |

## 8. Húð- og kynsjúkdómalækningar:

|   |       |     |
|---|-------|-----|
| a. Á lyflæknisdeild .....   | 1     | ár  |
| b. - húð- og kynsjúkdómadeild .....   | 2½    | —   |
| c. - farsóttadeild .....  | ⅙     | árs |
| d. - barnasjúkdómadeild .....   | ⅙     | —   |
| e. - geislalækningadeild, þar sem húðsjúkdómar eru sérstaklega teknir til meðferðar ..... | ⅙     | —   |
|   | <hr/> |     |
| Samtals   | 4     | ár  |

Í stað 2½ árs vistar á húð- og kynsjúkdómadeild getur komið 2 ára vist á húðsjúkdómadeild og ½ árs vist á kynsjúkdómadeild eða lækningastöð fyrir kynsjúkdóma.

## 9. Bæklunarlækningar:

|  |       |     |
|--|-------|-----|
| a. Á handlæknisdeild .....             | 1     | ár  |
| b. - bæklunarsjúkdómadeild .....       | 2¾    | árs |
| c. - deild fyrir útvortis berkla ..... | ¼     | —   |
|  | <hr/> |     |
| Samtals                                | 4     | ár  |

|            |  |       |     |
|------------|--|-------|-----|
| <b>136</b> | <b>10. Háls-, nef- og eyrnalækningar:</b>                  |       |     |
| 3. okt.    | a. Á handlæknisdeild .....                                 | 1     | ár  |
|            | b. – háls-, nef- og eyrnasjúkdómadeild .....               | 3     | —   |
|            |  | <hr/> |     |
|            | Samtals  | 4     | ár  |
|            | <b>11. Augnlækningar:</b>                                  |       |     |
|            | a. Á lyflæknisdeild .....                                  | ½     | ár  |
|            | b. – augnlækningadeild .....                               | 3     | —   |
|            | c. – taugasjúkdómadeild .....                              | ½     | —   |
|            |  | <hr/> |     |
|            | Samtals  | 4     | ár  |
|            | <b>12. Taugahandlækningar:</b>                             |       |     |
|            | a. Á handlæknisdeild .....                                 | 2     | ár  |
|            | b. – taugahandlæknisdeild .....                            | 3     | —   |
|            |  | <hr/> |     |
|            | Samtals  | 5     | ár  |
|            | <b>13. Skapnaðarlækningar:</b>                             |       |     |
|            | a. Á handlæknisdeild .....                                 | 2     | ár  |
|            | b. – skapnaðardeild .....                                  | 3     | —   |
|            |  | <hr/> |     |
|            | Samtals  | 5     | ár  |
|            | <b>14. Orkulækningar:</b>                                  |       |     |
|            | a. Á lyflæknisdeild .....                                  | 1     | ár  |
|            | b. – bæklunarsjúkdómadeild .....                           | ½     | —   |
|            | c. – orkulækningadeild .....                               | 2     | —   |
|            | d. – taugasjúkdómadeild .....                              | ½     | —   |
|            |  | <hr/> |     |
|            | Samtals  | 4     | ár  |
|            | <b>15. Röntgenlækningar:</b>                               |       |     |
|            | <b>A. Geislagreining:</b>                                  |       |     |
|            | a. Á lyflæknisdeild .....                                  | ⅓     | árs |
|            | b. – handlæknisdeild .....                                 | ⅓     | —   |
|            | c. – meinafræðistofnun .....                               | ⅓     | —   |
|            | d. – geislagreiningardeild eða óskiptri röntgendeild ..... | 3     | ár  |
|            |  | <hr/> |     |
|            | Samtals  | 4     | ár  |
|            | <b>B. Geislalækning:</b>                                   |       |     |
|            | a. Á lyflæknisdeild .....                                  | ⅓     | árs |
|            | b. – handlæknisdeild .....                                 | ⅓     | —   |
|            | c. – meinafræðistofnun .....                               | ⅓     | —   |
|            | d. – húðsjúkdómadeild .....                                | ¼     | —   |
|            | e. – geislalækningadeild .....                             | 2¾    | árs |
|            |  | <hr/> |     |
|            | Samtals  | 4     | ár  |

Í stað 2¾ árs á geislalækningadeild má koma 1¾ árs á slíkri deild og 1 ár á óskiptri röntgendeild.

## 16. Svæfingar og deyfingar:

|  |              |         |
|--|--------------|---------|
| a. Á lyflæknisdeild .....  | 1/2 ár       | 3. okt. |
| b. - handlæknisdeild .....   | 1/2 —        |         |
| c. - handlæknisdeild undir handleiðslu svæfingar- og deyfingarlæknis | 3 —          |         |
|  | <hr/>        |         |
|  | Samtals 4 ár |         |

## 17. Lækningarannsóknir:

|   |              |
|---|--------------|
| a. Á lyflæknisdeild .....                   | 1/2 ár       |
| b. - handlæknisdeild .....                  | 1/2 —        |
| c. - almennri lækningarannsóknardeild ..... | 3 —          |
|   | <hr/>        |
|   | Samtals 4 ár |

## 18. Aðrar greinar læknisfræði:

Veita má sérfræðileyfi í öðrum greinum læknisfræði en þeim, er að framan greinir, að fullnægðum samsvarandi kröfum um sérmenntun.

Jafnframt því sem sérfræðileyfi er veitt í lyflækningum (sbr. 1. tölulið) eða handlækningum (sbr. 2. tölulið), má veita leyfisþega viðurkenningu fyrir sérþekking í undirgreinum aðalgreinarinnar, svo sem lyflæknum í meltingarfæralækningum, hjartalækningum, lungnalækningum o. s. frv., og handlæknum í þvægfæralækningum, brjóstholshandlækningum o. s. frv. Til þess að geta öðlazzt slíka aukaviðurkenningu, er þess krafizt, að leyfisþegi hafi auk hins tilskilda sérnáms starfað a. m. k. árlangt undir handleiðslu viðurkennds sérfræðings í aukagreininni.

Læknir getur ekki verið viðurkenndur sérfræðingur nema í einni grein.

## III. Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði:

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. og 5. gr. laga nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl., sbr. lög nr. 27 21 maí 1960, öðlast þegar gildi og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 15 20. febrúar 1936 ásamt breytingu nr. 129 3. nóvember 1955, um framhaldsnám kandiata í læknisfræði til að geta öðlazzt ótakmarkað lækningaleyfi og um sérmenntun lækna til að geta öðlazzt sérfræðingaleyfi.

Læknum, sem fullnægja kröfum um framhalds- eða sérfræðináam samkvæmt ákvæðum hinnar fyrri reglugerðar, má þó allt til 31. desember 1962 veita lækningaleyfi eða sérfræðileyfi samkvæmt ákvæðum þeirrar reglugerðar.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. október 1961.*

**Jóhann Hafstein.**

**Baldur Möller.**